

Hrútafjarðarlína

Athugun á fornleifum vegna strenglagningar RARIK í Húnavatnssýslu



Katrín Gunnarsdóttir fornleiffræðingur MA.

Júní 2018

EFNISYFIRLIT

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
LÖG UM MENNINGARMINJAR.....	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	5
LÝSING Á LAGNINGU JARÐSTRENGS OG FELLINGU LOFTLÍNU.....	6
MELSTAÐUR	7
BARÐ.....	10
NEDRI- SVERTINGSSTAÐIR.....	10
EFRI SVERTINGSSTAÐIR.....	12
TJARNARKOT.....	13
SVEÐJUSTAÐIR.....	16
BRÚARHOLT	17
REYNHÓLAR	18
EYJANES.....	20
REYKIR	21
NIÐURSTÖÐUR	25
SANDAR:	27
REYKIR/SÆBERG:	30
HEIMILDIR:	31
KORT	33
FYLGISKJAL VERKLÝSING RARIK:	46

Efni: Eftirlit að fornleifum verði ekki raskað vegna strenglagningar á vegum Rarik í Hrótafirði

Lega strengsins er frá Laugabakka að Reykjum /Reykjaskóla.

Fyrirhuguð strenglög mun liggja frá **Laugabakka að Reykjum /Reykjaskóla** með tilvísun í skrá RARIK hér að neðan. Að beiðni RARIK var eftirlit með minjum á ætlaðri lagnarleið strengsins unnið af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi MA.

Lega strengsins var skoðuð 17. maí 2018, ásamt Valgeiri M. Valgeirssyni frá Rarik, Rekstrarsviði Norðurlands á Blönduósi.

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

LÖG UM MENNINGARMINJAR.

Í 1. grein laga um menningarminjar segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg

getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

*Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2*

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í viðkomandi skýrslu fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur þar fengið **númerið 1948** og að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins eftir skráðum fornleifum.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og híbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda,

jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

Skráðar voru 15 minjar og minjastaðir við þessa forneifaskráningu vegna lagningar nýs jarðstrengs og niðurfellingar gamallar loftlínu RARIK.

Í landi Melstaða voru skráðar:	2 minjar	1948 -1. 1948- 1A.
Neðri Sveðjustaðir skráðar:	2 minjar	1948-2, 1948-3.
Tjarnarkot skráðar:	2 minjar	1948-4, 1948-5
Reynhólar skráður:	1 minjastaður	1948-6
Reykir skráðir:	5 minjastaðir	1948- 7, 1948-8. 1948-9, 1948- 10, 1948- 11
Sæberg skráðar:	3 minjar	1948- 12, 1948-13, 1948- 14

Vélin sem plægir strenginn er ca 3m á breidd og strengurinn er plægður á 90cm dýpi.

LÝSING Á LAGNINGU JARÐSTRENGS OG FELLINGU LOFTLÍNU

Lega fyrirhugaðs jarðstrengs er skoðuð frá Laugabakka að Reykjum í Hrútafirði, ásamt niðurfellingu loftlínu með tilliti til fornleifa.

Upphaf jarðstrengisins liggur frá **Laugabakka**, og er lega strengsins til vesturs yfir ána sunnan brúarinnar á Miðfjarðará. Þá liggur hann yfir sléttað túnlendi sem fylgir nokkuð gamla línustæðinu, þá liggur strengurinn um 30 m austan vegarins heim að **Melstað** þar sem landið er að mestu í órækt. Þá fer strengurinn norðan við prestbústaðinn á Melstað í austur og í tengikassa sem er jaðri túnblettis vestan kirkjugarðsins.

Ekki verður jarðrask á þessum grasbletti þar sem tengt er við gamlan jarðstreng sem liggur að kirkjunni.

Norðurhluti kirkjugarðsins sem er talinn vera elsti hluti hans liggur næst loftlínunni sem á að fella. Frá norðvestur horni kirkjugarðsins á Melstað eru um 33 m að loftlínunni. Innan þessa hluta garðisins “hafa staðið torfkirkjur svo lengi sem torfkirkjuöld leið í Miðfirði, næst síðasta kirkja þar stóð 1865-1942” segir í

Afmælisriti Melstaðakirkju frá 1999¹. Einnig er getið um torfkirkju sem reist var 1810 samkvæmt sömu heimild. Í kringum þann stað sem kirkjan hefur staðið eru grafir sem eru þær elstu í garðinum.

MELSTAÐUR



Mynd 1. Horft til norðurs yfir kirkjugarðinn á Melstað.

Melstaður -1948 -1

Sérheiti: Melstaðarkirkjugarður

Aldur: 1350

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Jarðrask.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Staðhættir og lýsing: Kirkjugarðurinn liggur út frá norður- og austurhlið Melstaðarkirkju. Kringum garðinn er trégirðing. Innan við girðinguna að vestan er runnagróður. Legstæði eru þéttust út frá kirkjunni (byggð 1947) þar sem er yngsti hluti kirkjugarðsins.

Aðrar upplýsingar:

Í afmælisriti Melstaðakirkju 1999 segir segir: ”Sr Guðmundur Vigfússon kom til þjónustu á Mel 1859 og fór þá fljótlega að huga að byggingu nýrrar kirkju. Honum þótti tími til kominn þar sem torfkirkjan var orðin nokkuð hrörleg, byggð 1810”

¹ Gísli H. Kolbeins 1999.

Samkvæmt heimildarmönnum var torfkirkja í norðurhluta garðsins og er talið að það sé elsti hluti hans. Séra Guðni segir kirkjugarðinn hafa verið stækkaðan eftir þörfum í gegnum árin.

Heimild: Séra Gísli H. Kolbeins. Afmælisrit Melstaðakirkju 1999.

Heimildarmenn: Séra Guðni Þór Ólafsson Melstað 531

Hvammstanga(dreifbýli)

Ingi Hjörtur Bjarnason Neðri-Svertingsstöðum

531 Hvammtanga (dreifbýli)



Mynd 2. Horft til norðurs yfir kirkjustæðið sem er á milli hvíta krossins og járnverks, þar sem standa 3 steinar í hálfhring og einn fyrir framan.

Melstaður 1948-1 A

Sérheiti: Melstaðarkirkja

Aldur: 1300

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Jarðrask.

Ástand: Illgreinanlegt.

Staðhættir: Frá Kirkjugarðshliðinu er farið u.þ.b. um miðjan norðurhluta kirkjugarðsins. Mjög óljós merki eru um kirkjustæðið, þar sem heimildarmenn leiddu skrásetjara að. Þar er landið grasvaxið, nokkur sina og smá þúfur. Fjórir tilhöggurnir steinar standa við áætlað stæði kirkjunnar.

Lýsing: Landið er grasvaxið, nokkur sina og smá þúfur. Fjórir tilhöggurnir steinar standa við áætlað stæði kirkjunnar.

Aðrar upplýsingar: Í afmælisriti Melstaðarkirkju 1999 segir:

”Sr. Guðmundur Vigfússon kom til þjónustu á Mel 1859 og fór þá fljótlega að huga að byggingu nýrrar kirkju. Honum þótti tími til kominn þar sem torfkirkjan var orðin nokkuð hrörleg, byggð 1810”. Samkvæmt heimildarmönnum var torfkirkjan í norðuhluta garðsins og er talið að það sé elsti hluti hans.

Séra Guðni segir kirkjugarðinn hafa verið stækkaðan eftir þörfum í gegnum árin. Flestar nýrri grafir eru suður frá áætluðu torfkirkjustæði í norðurhluta garðsins, en stækkunin er einnig í austur og vestur, og nokkuð í norður.

Sögulegar heimildir um Melstað í Miðfirði:

Í Flateyjarbók segir frá Oddi Ófeigssyni Skíðasyni sem kemur til Íslands frá Noregi og fer til bú síns á Mel í Miðfirði.

1318 Melstaðarkirkju er getið í Fornbréfasafni sem kirkju heilags Stefáns.

DI: 2. 1253 – 1350

Fylgja má sögu Melstaðar í gegnum [Íslenskt fornbréfasafn](#), allt til áranna 1262–1536 sem er 9. bindi DI.

1705 Jarðabók segir Melstað vera Beneficium og kirkjustað.

Jarðardýrleika veit enginn því enginn hefur spurt um það eða metið.

Staðhaldarinn er séra Páll Jónsson.

1847 Jarðatal Johnsens. Melstaður dýrleiki 50/100

4) 1802 eru lo u. af dýrleikamni talin a hjaleigumí, og segir

Heimildir: DI: 2. 1253 – 1350. bls. 482.

Flateyjarbók IV bls. 162-167. Prentverk Akraness 1945.

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1705. Jarðabók 8. bindi, bls 33.

Hið íslenska fræðarafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1926.

J.Johnsen Jarðatal á Íslandi 1847. bls. 223.

Heimildarmenn: Séra Guðni Þór Ólafsson Melstað 531

Hvammstanga (dreifbýli)

Ingi Hjörtur Bjarnason Neðri-Svertingsstöðum

531 Hvammtanga (dreifbýli)

BARÐ



Mynd 3. Horft til norðurs frá enda loftlínunnar við Melstað að Barði.

Þá liggur strenglöggnin að **Barði** (byggt 1954) sem er norðan Þjóðvegarins á móts við veginn heim að Melstað. Lega strengsins fylgir veginum heim að heimreiðinni að Barði. Nýja strenglöggnin fylgir **gömlu loftlínunni** að hluta í gegnum landið sem er óræktarland sem skiptast á móar og melar .

NEDRI- SVERTINGSSTAÐIR

Nýi strengurinn fylgir síðan Þjóðvegi 1 að norðan að **Neðri Svertingsstöðum** (byggt 1983): Þá er lega hans ætluð norðan við heimkeyrsluna að bænum en er síðan tekin yfir Svertingsstaðaá vestan við útihús sem þar standa og heim að bænum að vestan,

Gamla bæjarstæði Svertingsstaða er austan við núverandi hús í brekku niður að ánni. Gamla bæjarstæðið er ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengsins.

Gamla loftlínan liggur í nokkuð beinni línu norður frá Þjóðveginum að **Neðri Svertingsstöðum**, liggur þar í jaðri heimatúnsins gamla að austan og vestan. Túnið hefur oft verið sléttað í gegnum árin og að sögn heimildarmanns (Ingi Hjörtur Bjarnason Neðri Svertingsstöðum) hefur jarðveginum verið ýtt til og við það myndast nokkurskonar garðlag.



Mynd 4. Horft í norður frá hlaðinu á Neðri-Svertingsstöðum yfir landið þar sem jarðstrengurinn mun liggja yfir túnblettinn, til hægri við heyrúllustæðið.

Neðri Svertingsstaðir 1948- 2

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Gamla heimatúnið frá Svertingsstöðum liggur um 25 m frá suðausturhorni Neðri Svertingsstaða niður að Svertingsstaðaánni.

Lýsing: Túnið hefur verið sléttað gegnum árin. Gamla loftlínan liggur um þennan hluta túnsins, og við það hefur orðið visst rask á túninu þegar staurar og tæki hafa farið um túnið.

Heimild: Túnakort 1920.

Heimildarmaður: Ingi Hjörtur Bjarnason bóndi,
Neðri Svertingsstöðum

Neðri Svertingsstaðir 1948 - 3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Gamla heimatúnið frá Svertingsstöðum liggur um 150 m frá suðausturhorni Neðri Svertingsstaða niður að Svertingsstaðaánni.

Lýsing: Túnið hefur verið sléttað gegnum árin. Gamla loftlínan liggur um þennan hluta túnsins, og við það hefur orðið visst rask í túninu þegar staurar og tæki hafa farið um túnið.

Heimild: Túnakort 1920.

Heimildarmaður: Ingi Hjörtur Bjarnason bóndi,
Neðri Svertingsstöðum

EFRI SVERTINGSSTAÐIR



Mynd 5. Horft í vestur frá Neðri Svertingsstöðum eftir loftlínunni að Efri Svertingsstöðum. Lega jarðstrengsins er til hægri við vegslóðann.

Frá Neðri Svertingsstöðum liggur strengurinn í vestur, norðan vegslóða upp að **Efri Svertingsstöðum**, þar sem inntakið verður við austurhlið hússins. En heimild um eldra bæjarstæði er vestan við núverandi hús og ekki í neinni hættu vegna þessara framkvæmda.

Lega loftlínunnar liggur áfram til vesturs og liggur þar sunnan vegslóðans upp að **Efti Svertingsstöðum** (byggt 1956) og fer síðan yfir hann og liggur áfram til suðvesturs að núverandi húsi **Efri Svertingsstaða**. Lega strengsins er gegnum tún sem hafa verið í ræktun en landið nú nokkuð slétt mosa- og grasivaxið. Ekki er hægt að greina að hætta stafi að fellingu gömlu línunnar að Efri Svertingsstöðum.

SANDAR



Mynd 6. Horft til norðurs eftir loftlínunni yfir heimalóð Sanda.

Frá Svertingsstöðum liggur strengurinn í norður að bænum **Sandar** (byggt-1974). Jarðstrengurinn liggur nokkuð samhliða gömlu loftlínunni um óræktarlandið þangað til að nálgast Sand, þá taka við skurðir og ræktuð tún. Þegar komið er nær húsinu liggur jarðstrengurinn í gegnum sléttað túnið sem liggur að bænum og tengist jarðspennustöð á vesturmörkum heimalóðarinnar. Þar sem jarðstrengurinn er tekinn vestur fyrir Sanda liggur loftlínan áfram til norðurs yfir heimalóð Sanda í endastaur sem er um 50 m í norður frá lóðamörkum.

Gamla bæjarstæði Sanda liggur norðan við núverandi hús og er ekki í hættu vegna þessa framkvæmda.

Ekki merkjanleg hættu vegna niðurfellingar loftlínunnar að bæjarhúsum Sanda.

TJARNARKOT

Rétt ofan við Neðri- Svertingsstaði þverar strenglöggnin landið í suð-suðaustur, þar sem óræktarland en fylgir síðan þjóðvegi 1 að vestan að **Tjarnarkoti** þar sem heimtaugin fylgir heimreiðinni að sunnan þar sem er nokkuð sléttað tún. Heimreiðin liggur allt að því að húsinu og inntakið er sunnan við það í heimreiðinni.



Mynd 7. Horft til norðurs eftir heimreiðinni að Tjarnarkoti, lega jarðstrengsins mun liggja samhliða heimreiðinni að bænum til vinstri.

Tjarnarkot (byggt-1959). Íbúðarhúsið á Tjarnarkoti stendur á svonefndum Hesthúshóli. Bæjarhóll Tjarnarstaða er norðvestan hans og er ekki í hættu. Engar minjar sjást á yfirborði en mögulega eru einhverjar undir sverði. Við upphaf heimreiðarinnar við þjóðveginn fylgir heimtaugin um 330 m til suðurs en sveigir þá til vesturs og liggur þar yfir ræktað tún sem er skorið af veituskurðum.

Tjarnarkot-1948-4

Sérheiti: Hesthúshóll

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði. Tjarnarkot var byggt 1959. Þá má leiða líkum að því að leifar hesthússins hafi horfið við þá framkvæmd.

Staðhættir og lýsing: Núverandi íbúðarhús á Tjarnarkoti stendur á svonefndum Hesthúshóli. Engar minjar sást á yfirborði en mögulega eru einhverjar undir sverði.

Vegna lagningar heitavatnslagnar 2015 var gerð Fornleifaskráning fyrir Tjarnarkot 2015:

Tjarnarkot-1737-55 (2015)

Sérheiti: Hesthúshóll

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði en hugsanlega eru þarna jarðlægar minjar því ef marka má örnefnið hafa hesthús verið á þessum slóðum, þeim kann þó öllum að hafa verið raskað þegar húsið var byggt.

Staðhættir og lýsing: Núverandi íbúðarhús á Tjarnarkoti stendur á svonefndum Hesthúshóli.

Engar minjar sáust á yfirborði en mögulega eru einhverjar undir sverði.

Heimildir: Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga 2015.

Byggðasafn Skagafjarðar Rannsóknarskýrslur 2015/158

Tjarnarkot 1948-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir og lýsing: Varðan er á þurru holti innan um mýrarsund sunnan þjóðveggar um 550m suðvestur af bæ á Tjarnarkoti. Hún er gróin, grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur. Varðan er 50x40sm á kant neðst og um 40sm há.

Aðrar upplýsingar:

Varðan (Tjarnarkot 1737-14) stendur sunnan þjóðveggarins um 550 m í suðvestur frá Tjarnarkoti. Frá vörðunni eru um 85 m að línustæðinu sem á að fella. Varðan er ekki í beinni hættu en hafa ber staðsetningu hennar í huga með tilliti til þeirra framkvæmda sem verða við fellinguna línunnar.

Heimild: Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga 2015.

Byggðasafn Skagafjarðar Rannsóknarskýrslur 2015/158

Vegna lagningar heituvatnslagnar 2015 er Fornleifaskráning fyrir

Tjarnarkot 1737-14 (2015)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir og lýsing

Varðan er á þurru holti innan um mýrarsund sunnan þjóðveggar um 550m suðvestur af bæ á Tjarnarkoti.

Hún er gróin, grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur.

Varðan er 50x40sm á kant neðst og um 40sm há.

Heimild: Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga 2015.

Byggðasafn Skagafjarðar Rannsóknarskýrslur 2015/158

SVEDJUSTAÐIR



Mynd 8. Horft til suðurs heim að Sveðjustöðum, loftlínan til hægri.

Í suðaustur frá Tjarnarkoti yfir Þjóðveg 1, í austur eru **Sveðjustaðir**, (byggt 1966).

Heimtaugin liggur sunnan megin vegarins upp að Sveðjustöðum, landið þar er að mestu óræktarland, en þar sem vegurinn skiptist heim að Sveðjustöðum er ræktað tún norðan lagnarinnar, en við heimreiðina að Sveðjustöðum liggur strengurinn austan hennar og að húsinu að vestan. Gamla bæjarstæðið á Sveðjustöðum er sunnan við núverandi íbúðarhús og ekki í hættu.

Lega loftlínnar sem verður felld, liggur í norð-norðvestur frá Svertingsstöðum yfir Þjóðveginn. Frá bænum er hún á milli tveggja tuna, þá yfir Þjóðveginn og fram hjá nýlegum fjárhúsum Svertingsstaða og gegnum óræktarland í norð-norðvestur.

BRÚARHOLT



Mynd 9. Horft til norðurs heim að Brúarholti. Sést í loftlínuna við húsið til vinstri.

Frá Sveðjustaðaafleggjara liggur strengurinn norðan vegarins að **Brúarholti** (byggt 1960). Lega strengsins liggur að hluta til í gegnum óræktað land og síðan gegnum ræktuð tún sem er skorið af votlendisskurðum. Heimtaugin að Brúarholti liggur austan vegarins að húsinu og þar sem tenging er í suðausturhorni heimatúnsins.

Brúarholt kemur fyrir í örnefnaskráningu fyrir Sveðjustaði, en ekki er til sérstök skráning fyrir Brúarholt sem var byggt 1960.

Loftlínan sem liggur að Brúarholti, liggur frá Sveðjustaðaloftlínu. Línan liggur nokkuð ofar í landinu í gegnum óræktarland, en þegar nálgast Brúarholt er lega hennar í gegnum ræktuð tún sem er skorið að áveituskurðum og fláka sem eru óræktaðir. Ekki er merkjanleg hættu vegna niðurfellingar loftlínunnar.

REYNHÓLAR



Mynd 10. Horft til austurs að Reynhólum, loflínan sem verður felld er fyrir miðri mynd.

Frá Brúarholti liggur strengurinn í suður að **Reynhólum** (byggt 1952). Þar fylgir lögnin gömlu loflínunni, leiðinni þar sem hún liggur í gegnum óræktað landið og sveigir á milli hóldruga eftir því sem þeir liggja í landinu,

Lögnin kemur síðan inn á heimreiðina að Reynhólum rétt áður en komið er að túngarði þar sem hlið er á garðinum, en garðurinn liggur í kringum heimatún Reynhóla. Þar mun lögnin verða sett í rör sem mun liggja undir garðinn að austan, og verður því ekki röskun á sjálfum garðinum. Strengurinn liggur síðan í gegnum túnið heim að bæjunum, og tengist við heimtaug sem er í um 45 m frá húsinu í vestur. Túnið heim að bæjunum liggur frá hæðardragi þar sem gamla loflínana er og í smá halla til suðurs. Ekki eru heimildir um minjar frá túngarðinum að íbúðarhúsi Reynhóla.

Heimild: Að sögn Jóhannesar Ingvars Björnssonar sem fæddur er á Reynhólum (0101-1930) var garðurinn hlaðinn áður en hann fæddist.

Túnakort frá 1920 sýnir ekki garðinn. Ekki er getið um garðinn í Örnefnaskrá fyrir Reynhóla og hans ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1705. Reynhólar bls,38-39.

Túngarðurinn er því ekki í beinni hættu vegna þessara framkvæmda. Þar sem lögnin mun liggja í röri sem smeygt/múlað undir garðinn. Tengt verður í heimtaug Reynhóla sem er í tengikassa utan við (í vestur) túngarðinn sem fyrir er. Því þarf að ekki að raska landi í heimatúninu heim að húsinu.

Frá loftlínunni sem liggur Brúarholti í austur-vestur er tekin lína sem liggur að Reynhólum, þar sem loftlínan er í landi Brúarholts þverar tún með áveituskurðum. Lega hennar fer yfir veginn í vestur yfir smá túnblett og síðan yfir móa og órækt upp að Reynhólum.

Lega jarðstrengsins mun liggja að mestu samhliða þessar gömlu lögn. Ekki merkjanleg hættu vegna niðurfellingar á þessum hluta gömlu línunnar. Lega loftlínunnar innan túngarðs Reynhóla er í brekku í hæðardragi norðvestan við heimatúnið að bænum. Loftlínan liggur yfir suðvesturhlið túngarðsins. Nokkuð langt er á milli staura, og því ætti að vera hægt að komast hjá raski á garðinum þegar staurar eru felldir og fjarlægðir af svæðinu. Ekki eru heimildir um minjar innan túngarðsins að Reynhólum.



*Mynd 11. Horft til suðurs yfir norðvesturhorn túngarðsins.
Loflínan er utan við túngarðshornið*

Reynhólar-1948 - 6

Hlutverk: Túngarður

Tegund; Garðlag

Aldur: 1900

Ástand: Vel sýnilegur

Hættumat: Hætta

Hætta: Verklegar framkvæmdir.

Staðhættir: Garðurinn liggur í gringum heimatún Reynhóla, og fylgir landinu í kringum, þar sem landið liggur um hóldrag að vestan en lækkar síðan til

suðausturs að bænum og liggur um mýrardrag að hluta til þar sem garðurinn er lægstur sunnan og vestan við bæinn.

Lýsing: Garðurinn grjót - og að einhverju leyti torfhlaðinn og vel grasivaxinn. Hann sker sig vel úr landinu í kringum Reynhóla. Hleðsluhæð þar sem hann er hæstur við hliðið vestanmegin er um 0.90 m og að austan þar sem garðurinn er öllu óljósari er um 0.30 m. Hleðsluhæð er um 0.30- 0.50 m þar sem hann er best varðveittur.

Heimild:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1705. Reynhólar bls,38-39.

Túnakort 1920

Örnefnaskrá fyrir Reynhóla.

Heimildarmaður: Jóhannes Ingvar Björnsson bóndi á Reynhólum (f.0101-1930). Býr á Hvammtanga.



Mynd 12. Horft frá heimreiðinni að Reynhólum í austur eftir túngarðinum þar sem farið verður undir garðinn með jarðtenginguna.

EYJANES

Frá Hálsbæjunum svokölluðum, Sveðjustöðum, Brúarholti og Reynhólum, þá liggur lega lagnarinnar að Reykjum.

Áður en komið er að Reykjum er ætluð tenging við **Eyjanes** inn á jarðspennistöð. Ekki farið með heimtaug að Eyjanesi.

Ekki er merkjanleg hættu vegna tengingarinnar við Eyjanes.

REYKIR



Mynd 13. Horft til norðurs, hverasvæðið fyrir miðri mynd. Loflínan sem verður felld er til vinstri á myndinni.

Frá þessari tenginu við Eyjanes liggur jarðstrengurinn í byrjun í gegnum ræktað tún, sem er nokkuð samhliða þjóveginum, þá sveigir lögnin til suður í átt að **Reykjum** þar sem lögnin liggur nær þjóveginum til suðurs og fylgir honum þar til komið er á móts við hitaveitusvæði Reykja. Þar sveigir lögnin til vesturs og liggur að hluta til gegnum óræktarland, en þegar nær Reykjum kemur liggur hún í gegnum túnlendi sem skorið er að votlendisskurðum. Þá liggur leiðslan yfir heitavatnsskurðinn, en farið er yfir hann þar sem rask verður sem minnst og lögn lagnarinnar veldur sem minnstri hættu. Minjar sem voru skráðar vegna heitavatnslagnar 2015 voru þá skráðar sem nútímaminjar og hafa númerin eftir þeirri skráningu: Reykir **1737-1, 1737-2, 1737-3**.

Strenglögnin er fyrirhuguð um 38 m frá þessum minjum í suður (Reykir -1948-4, Reykir-1948-5, Reykir-1948-6). Þær ættu því ekki að vera í hættu, en taka skal tillit til þeirra við fyrirhugaðar framkvæmdir svo þær verði ekki fyrir raski.

Jarðstrengurinn liggur síðan norðan við byggingar Reykjaskóla í tengistöð sem verður sett þar upp. Svæðið bak við þessar byggingarnar er bæði rótað og sléttað. Við fornleifaskráningu vegna lagningar ljósleiðara voru skráðar tvær minjar: Kartöflukofi 1756-21, Herminjar/sjóminjar 1756-22.

Kartöflukofinn er samkvæmt heimildarmanni þeirrar skráningar byggður eftir 1955. Herminjar/sjóminjar eru samkvæmt fyrri skráningu taldar vera frá 1940.

Við Fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu í Húnaþingi vestra 2015 voru skráðar m.a. þessar minjar í landi Reykja:

Reykir- 1948 - 7

Reykir 1737-1 (2015)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Var í hættu

Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var um 3m sunnan við niðurgröftinn en lögnin var færð um 20m til norðvesturs til að forða minjum 1 og 2 raski.

Staðhættir: Mógafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði.

Lýsing: Niðurgröfturinn er 20-60 sm djúpur og 1,4x4 m að innanmáli. Innbrún er regluleg og að hluta þýfður kantur að utan. Virðist frekar vera niðurgröftur en tóft.

Aðrar upplýsingar: Mögulega er þetta í svonefndum Illamó sem í örnefnaskrá er sagður suður og upp af Reykjahver, en að mestu búið að rækta þegar örnefnaskráin var gerð árið 1980 (Ö-SJ, bls. 1).

Reykir- 1948- 8

Reykir 1737-2 (2015)

Hlutverk: Mókofi/heyttóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Var í hættu

Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var innan við 1m norðan við tóftina en lögnin var færð um 20m til norðvesturs til að forða minjum 1 og 2 raski.

Staðhættir: Mógafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði.

Lýsing: Mókofi eða heyttóft er í móanum norðaustan við Reyki. Tóftin er vel greinanleg, veggir 30-50sm háir og mest um 50sm breiðir. Tóftin er gróin grasi og mosa og veggir þýfðir og sumstaðar horfnir.

Reykir-1948 - 9

Reykir-1737-3 (2015)

Hlutverk: Hitaveita

Tegund: Steinsteypa og niðurgreftir

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir: Mógafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði. Hitaveituminjarnar dreifa sér yfir allstórt svæði beggja megin merkjanna milli Reykja og Sæbergs, nokkrir steiptir grunnar og skurðir frá þeim að byggðinni á Reykjatanga.

Lýsing: Skurður liggur frá steiptum sökkli (ISN93: A402134 N530472) á bakka framræsluskurðar. Skurðurinn er mest um 70sm djúpur og 1m breiður og virðist geta verið handgrafinn. Greinilegt er að skurðurinn tengist hitaveitunni. Tveir framræsluskurðir hafa verið grafnir í gegnum skurðinn og mögulega hefur hann verið fylltur upp að hluta. Annar steiptur sökkull (A401906 N530391) er nær suðvesturenda skurðarins. Um 50m langur niðurgröftur liggur til VNV frá honum, um 2-2,5m breiður og 30-50sm djúpur.

Aðrar upplýsingar: Þessar hitaveituminjar eru á mörkum þess að teljast fornleifar en þó var ákveðið að taka tillit til þeirra við lagningu hitaveitunnar og var línan færð til að valda þeim sem minnstu raski.

Heimild: Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga 2015.

Byggðasafn Skagafjarðar Rannsóknarskýrslur 2015/158

1948 - 10

Reykir-1756-21 (2015)

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Tegund: Hús

Hættumat: Engin hætta

Hættuörsök: Um uppstandandi byggingu er að ræða og hæpið að hún verði fyrir raski vegna framkvæmda þótt lagnaleiðin sé teiknuð beint framan við hana.

Staðhættir og lýsing

Rúma 30 m norðan við gamla barnaskólann á Reykjum er lítið torfhús. Dyr eru til suðurs og í rofi fremst á

þaki sést að bárujárn er undir torfi, ofan við hurðina er svert járnör, líklega loftun inn í húsið.

Aðrar upplýsingar

Kartöflugeymsluna byggði Ólafur H. Kristjánsson einhvern tíma eftir að hann flutti að Reykjum 1955 og

gerðist þar skólastjóri. Í húsið var notaður rekaviður frá Þambárvöllum í Bitrufirði að sögn Þorsteins Sigurjónssonar á Reykjum (samtal 20.11.2015)

Reykir-1948- 11

Reykir-1756-22 (2015)

Hlutverk: Herminjar/sjóminjar

Tegund: Steinsteypa/tóft

Hættumat: Hætta

Hættuörsök: Minjarnar eru rétt norðan sýndrar línuleiðar. Þær eru sæmilega glöggar en gætu engu að síður orðið fyrir raski ef ekki er farið með gát.

Staðhættir: Steinsteypur sökkull er sunnan við ós Hveralækjar, rétt norðan við nyrstu bygginguna á lóðinni.

Lýsing: Þetta hefur verið lítið mannvirki, 2,4x3,7m að innanmáli, og snúið norðvestur-suðaustur með dyr til norðvesturs, torf eða jarðvegur er umhverfis steinsteyptan sökkul sem er að hluta niður grafinn.

Aðrar upplýsingar: Leifar af spili til að draga báta á land eru rétt norðan tóftarinnar og má vera að hún hafi gegnt einhverju hlutverk í tengslum við sjósókn en óvíst hvort það sé upphaflegt hlutverk hennar. Þorsteinn Sigurjónsson bóndi á Reykjum kannaðist við tóftina en var ekki klár á hlutverki hennar, mögulega frá hernámsárum, en spilið síðar til komið (samtal 20.11.2015).

Á uppdrætti af Reykjatanga frá stríðsárunum þegar Bretar og síðar Bandaríkjamenn höfðu herstöð á tanganum má sjá fjölda bygginga á þessum slóðum (Friðþór Eydal 2015, bls. 99), en ekki er augljóst að tengja megi neina þeirra við umræddar minjar. Rétt er að nefna að ekki reyndist auðvelt að bera teikninguna saman við nýlega loftmynd, þar sem afstaða bygginga og landslags á teikningunni er ekki hárnákvæmt, engu að síður er hún góð heimild um fyrirkomulag og grófa staðsetningu bygginga á herstöðvarsvæðinu.

Heimild:Byggðasafn Skagfirðinga 2015/156 Guðmundur St. Sigurðarson bls. 19

Við Fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu í Húnaþingi vestra 2015 voru m.a. skráðar minjar í landi Sæbergs: 1737-82, 1737-005, 1737-004.

Minjarnar liggja í námunda loftlínuna sem verður felld. Loftlínan liggur í norður í gegnum tún og óræktarland. Línan sveigir til suðurs mitt á milli Reykja og Eyjaness. Þar liggur hún yfir þjóðveg 1 og liggur sunnan hans að Laugabakka. Á þessari leið er varða (1948-3) sem er skráð í landi Tjarnarkots. Varðan er ekki í beinni hættu þar sem hún er í um 85m frá línustæðinu í suðaustur um miðja vega á milli þjóðvegarins og loftlínunnar.



Mynd 14. Horft til suðurs yfir kartöflukofa frá 1955 að enda loftlínunnar við Reyki sem verður felld.

1948 - 12

Sæberg-1737-4 (2015)

Hlutverk: Þúst

Tegund: Mókofi

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir

Þústin er í uppþurrkuðu mýrlendi í landi Sæbergs, norður af byggðinni á Reykjatanga.

Lýsing

Þústin er algróin og ögn þýfð líkt og umhverfið, hún stendur svolítið hærra en umhverfið og er rúmlega

2m á kant. Lágir veggir eru að norðan og austan, 10sm há innbrún og 40sm breiðir. Tvær litlar mógrafir

eru 10-15m sunnan við þústina og stórt mógrafarsvæði um 20m norðvestan við hana.

1948 - 13

Sæberg-1737-5 (2015)

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir

Mógrafir eru í móanum norðaustur af byggðinni á Reykjatanga, í landi Sæbergs um 300m austur af bænum.

Lýsing

Mógrafirnar eru algrónar, með skarpar brúnir og mest um 120sm djúpar og virðast ekki mjög fornar.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Þorsteini Sigurjónssyni bónda á Reykjum var betri mótekja á þessum slóðum en suðaustar í

landinu þar sem mórinn var lurkaríkari og lausari í sér, sá mór brann hraðar og þótti ekki jafn góður, þarna

var því aðal mótekjusvæði jarðarinnar (samtal. 20.11.2015).

1948- 14

Sæberg-1737-82 (2015)

Hlutverk: Mókofi

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir

Mógrafir eru í móanum norðaustur af byggðinni á Reykjatanga, í landi Sæbergs um 300m austur af bænum. Þúst er norðaustan grafanna, líklega leifar móstafna eða mókofa.

Lýsing

Þústin er 30-40sm hærrí en umhverfið 2,3x3,2m á kant og liggur norðaustur-suðvestur.

NIÐURSTÖÐUR

Hafa ber í huga ákvæði laga um Menningarmínjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.12.

Melstaður:

Frá Laugabakka liggur jarðstrengurinn frá austurbakka Miðfjarðarár yfir ána í vestur sunnan Þjóðveggarins og sveigir síðan inn að veginum heim að Melstað og liggur austan megin hans heim á staðinn. Þar liggur strengurinn norðan prestbústaðarins og frá honum í norðurkanti túnblettis sem er á milli kirkjugarðsins (1948-1) og prestbústaðarins, þar verður tengt inn á heimtaug sem liggur að kirkjunni.

Ekki er heimildir um minjar á legu jarðstrengsins, og ekki verður jarðrask á túnblettinum þar sem tengt er við gamlan jarðstreng sem liggur að kirkjunni. Við verkið skal einnig taka tillit til nálægðar við kirkjugarðinn.

Gamla loftlínan: Loftlínan sem á að fella liggur frá Laugabakka yfir ána gegnum ræktuð tún yfir að Melstað. Þar liggur loftlínan um 33 m í austur að norðvesturhorni kirkjugarðsins (1948-1) á Melstað.

Norðurhluti kirkjugarðsins sem er talinn vera elsti hluti hans og innan þessa hluta garðisns.....hafa staðið torfkirkjur(1948-1A) svo lengi sem torfkirkjuöld leið í Miðfirði, næstsíðasta kirkja þar stóð 1865-1942 og heimild um torfkirkju frá 1810 segir í Afmælisriti Melstaðakirkju frá 1999. Heimildir um kirkju á Melstað eru frá fyrri hluta 14. aldar.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda þegar loftlínan verður felld verður að taka fullt tillit til nálægðar við kirkjugarðinn, og gæta þess að staurar sem felldir verða falli frá kirkjugaðhorninu og vinnuvélar valdi ekki skaða, við þessa framkvæmd.

Gamla loftlínan sem verður felld er tengd inn á fyrrnefnda tengingu heimtaugar.

Barði:

Heimtaug er ekki áætluð að Barði, en jarðstrengurinn er tengdur í tengibox þar sem vegurinn að bænum og heimreiðin skerast.

...

Loftlínan sem verður felld liggur nokkuð samhliða nýja strengnum og ekki eru greinanlegar minjar á þeirri leið frekar en nýju legu jarðstrengsins.

Neðri Svertingsstaðir:

Lega jarðstrengsins að Neðri Svertingsstöðum mun liggja yfir Svertingsá vestan brúarinnar að heimreiðinni og liggja vestan við nýleg fjárhús staðarins, ásamt heimtaug sem sem liggur frá henni til suðurs yfir túnblett og um hlaðið heim að húsinu (byggt 1983). Gamla bæjarstæði Svertingsstaða er austan við húsin og er því ekki í hættu vegna þessara framkvæmda.

....

Gamla loftlínan sem á að fella liggur í suðaustur um hluta gamla heimatúns Svertingsstaða. Samkvæmt túnakorti 1920 hafa staðið byggingar í jaðri suðausturhluta túnsins (1948-2, 1948-3) en túnið hefur verið sléttað í gegnum árin. Þá má gera ráð fyrir að þegar gamla loftlínan var lögð hafi orðið visst rask í túninu þegar staurar og tæki hafa farið um túnið. Leiða má líkur á því að minjar gætu leynst undir sverði.

Efri Svertingsstaðir:

Eldra bæjarstæði Efri Svertingsstaða er vestan núverandi húss, og er gamla bæjarstæðið ekki í hættu vegna nýja jarðstrengsins og minjar ekki merkjanlegar á leið strengsins.

...

Gamla loftlínan liggur samhliða vegslóðanum á milli Efri- og Neðri Svertingsstaða. Lega loftlínunnar liggur um ræktuð tún og eru ekki heimildir eða minjar merkjanlegar.

SANDAR:

Nýja strenglöggnin kemur að húsinu vestan við bæinn og liggur við lóðamörk hússins.

Gamla bæjarstæði Sanda liggur norðaustan við núverandi hús og er ekki í hættu vegna þessara framkvæmda.

...

Gamla loftlínan liggur frá Efri-Svertingsstöðum í norður í landinu að Söndum, og er þar að mestu um óræktarland móa og þúfur. Við Sanda er línan í nýlegu túni sem liggur að Söndum. Heimtaugin er um 50 m norðan við húsið.

Ekki eru heimildir um minjar á þessari leið, eða sýnilegar minjar.

Jarðstrengurinn að Söndum liggur nokkuð samhliða gömlu loftlínunni um óræktarlandið þangað til að nálgast Sanda. Að húsinu liggur jarðstrengurinn í gegnum sléttað túnið sem liggur að bænum og tengist jarðspennustöð á vesturmörkum heimalóðarinnar þar sem jarðstrengurinn er tekinn vestur fyrir Sanda.

Gamla bæjarstæði Sanda liggur norðan við núverandi hús og er ekki í hættu vegna þessa framkvæmda.

Lega gömlu loftlínunnar: Frá því jarðstrengur og loftlína skiljast að í túninu sunnan við húsið fer loftlínan til norðurs yfir heimalóð Sanda í endastaur sem er um 50 m í norður frá lóðamörkum. Ekki er merkjanleg hættu vegna niðurfellingar loftlínunnar frá Efri-Svertingsstöðum að Söndum.

Tjarnarkot:

Frá Neðri Svertingsstöðum liggur jarðstrengurinn samhliða þjóðveginum að Tjarnarkoti. Þar liggur heimaugin samhliða heimreiðinni að húsinu og tengist þar inn á heimaugina sem er sunnan við húsið. Bæjarstæðið er því ekki í hættu.(1948-4).

....

Lega gömlu loftlínunnar liggur samhliða heimreiðinni, en mun sunnar en jarðstrengurinn.

Skráð er Varða 1948-5 (Tjarnarkot 1737-14) sem stendur sunnan þjóðvegarins um 550 m í suðvestur frá Tjarnarkoti. Frá vörðunni eru um 85 m að línustæðinu sem á að fella.

Varðan er ekki í beinni hættu en hafa ber staðsetningu hennar í huga með tilliti til þeirra framkvæmda sem verða við fellingu línunnar. Ekki eru aðrar heimildir um minjar á þessari leið.

Sveðjustaðir:

Húsið að Sveðjustöðum var byggt 1966, en gamla bæjarstæði Sveðjustaða er sunnan við það og er ekki hættu. Lega jarðstrengsins að Sveðjustöðum liggur sunnan vegarins frá þjóðveginum um óræktarland með þúfum og móum. Þegar nálgast heimreiðina að bænum liggur strengurinn um ræktuð tún sem eru nokkuð skorin af áveituskurðum. Ekki eru heimildir um minjar á þessari leið og ekki hægt að greina minjar í landinu.

....

Gamla loftlínan frá Tjarnarkoti yfir þjóðveginn að Sveðjustöðum liggur nokkuð sunnar í landinu frá veginum sem liggur inn í landið. Þar liggur hún í gegnum óræktarland. Þegar nálgast Sveðjustaði liggur línan fast norðan við nýleg útihús frá Sveðjustöðum og ræktað túnlendi.

Skráð er Varða 1948-5 (Tjarnarkot 1737-14) sem stendur sunnan þjóðvegarins um 550 m í suðvestur frá Tjarnarkoti. Frá vörðunni eru um 85m að línustæðinu sem á að fella. Þetta er loftlínan sem liggur að Sveðjustöðum. Varðan er ekki í beinni hættu en hafa ber staðsetningu hennar í huga með tilliti til þeirra framkvæmda sem verða við fellingu línunnar. Ekki eru aðrar heimildir um minjar á þessari leið.

Brúarholt:

Lega strengsins frá Svertingsstöðum liggur norðan vegarins að Brúarholti, að hluta til í gegnum óræktað land og síðan gegnum ræktað tún sem er skorið af votlendisskurðum. Ekki eru heimildir um minjar á strengleiðinni.

....

Gamla loftlínan frá Sveðjustaðalandi liggur norð-norðaustan við veginn og nokkuð ofar í landinu í gegnum óræktarland, en þegar nálgast Brúarholt er lega hennar í gegnum ræktað tún sem er skorið að áveituskurðum og flákum sem eru óræktaðir. Ekki merkjanleg hættu vegna niðurfellingar loftlínunnar.

Reynhólar:

Rétt austan við heimreiðina frá Brúarholti liggur strengurinn í suður og fylgir strengurinn að einhverju leiti gömlu loftlínunni. Leiðin liggur í gegnum óræktað landið og sveigir á milli hóldruga eftir því sem þau liggja í landinu. Lögnin kemur síðan inn á heimreiðinni að Reynhólum rétt áður en komið er að túngarði (1948-6) þar sem hlið er á garðinum, en garðurinn liggur í kringum heimatún Reynhóla. Þar mun lögnin verða sett í rör og liggja undir garðinn að austanverðu við hliðið, og verður því ekki röskun á sjálfum garðinum. Frá garðinum fer strenglögnin í gegnum heimatúnið að Reynhólum og tengist þar heimauginni um 45 m í vestur frá húsinu.

Ekki eru heimildir um minjar frá túngarðinum að íbúðarhúsi Reynhóla.

....

Gamla loftlínan. Frá loftlínunni sem liggur Brúarholti í austur-vestur er tekin lína sem liggur að Reynhólum í suður, þar sem loftlínan er í landi Brúarholts og þverar tún með áveituskurðum. Lega hennar fer yfir veginn í suður yfir smá túnblett og síðan yfir móa og órækt upp að Reynhólum.

Lega jarðstrengsins er að einhverju leiti samhliða þessari gömlu lögn.

Ekki er merkjanleg hættu vegna niðurfellingar í þessu landi gömlu línunnar.

Lega loftlínunnar innan túngarðs Reynhóla er í brekku í hæðardragi norðvestan við heimatúnið að bænum. Loftlínan liggur yfir suðvesturhlið túngarðsins og nokkuð langt er á milli staura. Því ætti að vera hægt að komast hjá raski á garðinum þegar staurar eru felldir og fjarlægðir af svæðinu. Ekki eru heimildir um minjar innan túngaðsins að Reynhólum.

Niðurstöður Eyjanes:

Við strenglögnina Reykjum er ætluð tenging við Eyjanes inn á jarðspennistöð sem er sunnan og austan við veginn heim að bænum nær þjóðveginum. Ekki er merkjanleg hættu vegna lagningar strengsins.

Reykir:

REYKIR/SÆBERG:

Jarðstrengur: Frá tengi við heimtaug Eyjanes austan túns ofan bæjarins liggur jarðstrengurinn sem er nokkuð samhliða þjóðveginum sem sveigir aðeins til suðurs í átt að Reykjum og fylgir þjóðveginum þar til komið er á móts við hitaveitsvæði Reykja. Þar sveigir lögnin til vesturs og liggur að hluta til gegnum óræktarland, en þegar nær Reykjum kemur liggur hún í gegnum túnlendi sem skorið er að votlendisskurðum. Þá liggur leiðslan yfir heitavatnsskurðinn, en farið er yfir hann þar sem rask verður sem minnst og lögn lagnarinnar verði í minnstri hættu frá hitasvæðinu. Minjar voru skráðar vegna hitavatnslagnar 2015 voru þá skráðar sem nútímaminjar og hafa númerin eftir þeirri skráningu: Reykir 1737-1, 1737-2, 1737-3.

Strenglöggnin er fyrirhuguð um 38 m frá þessum minjum í suður (Reykir - 1948-7, Reykir-1948-8, Reykir-1948-9). Þær ættu því ekki að vera í hættu, en taka skal tillit til þeirra við fyrirhugaðar framkvæmdir svo þær verði ekki fyrir raski.

Jarðstrengurinn liggur síðan norðan við byggingar Reykjaskóla í tengistöð sem verður sett þar upp. Svæðið bak við þessar byggingarnar er bæði rótað og sléttað. Við fornleifaskráningu vegna lagningar ljósleiðara voru skráðar tvær minjar: Kartöflukofi 1948-10 (1756-21), Herminjar/sjóminjar 1948-11 (1756-22). Kartöflukofinn er samkvæmt heimildarmanni þeirrar skráningar byggður eftir 1955. Herminjar/sjóminjar eru samkvæmt fyrri skráningu taldar vera frá 1940.

Minjarnar sem eru við þessa skráningu 1948-10, 1948-11. Þessar minjar teljast ekki til fornminja samkvæmt 100 ára reglunni varðandi skilgreininug minja og eru ekki í beinni hættu vegna þessara framkvæmda. En þar sem þær eru skráðar og vel sýnilegar ber að taka tillit til þeirra við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Lega gömlu loftlínunnar: Við Fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu í Húnaþingi vestra 2015 voru m.a. skráðar minjar í landi Sæbergs (1737-82, 1737-005, 1737-004). Samkvæmt nýju minjanúmeri fyrir RARIK fá þessar minjar eftirfarandi númer: 1948 - 12, 1948 -13, 1948 -14. Minjarnar sem tengjast mótvinnslu liggja í námunda við loftlínuna sem verður felld, en eru ekki í beini hættu vegna þessara framkvæmda, en taka ber tillit til að rasks vegna þeirra við niðurfellingu stauranna.

Frá Reykjum liggur loftlínan í norður í gegnum tún og óræktarland. Línan sveigir til suðurs mitt á milli Reykja og Eyjanes. Þar liggur hún yfir þjóðveg 1 og liggur sunnan hans að Laugabakka. Á þessari leið er varða (1948-5) sem er skráð í landi Tjarnarkots. Varðan er ekki í beinni hættu þar sem hún er í um 85m frá línustæðinu í suðaustur um miðja vega á milli þjóðvegarins og

loftlínunnar. Ekki eru aðrar heimildir um minjar vegna niðurfellingar á þessum hluta loftlínunnar.

HEIMILDIR:

DI: Íslenzkt fornbréfasafn II. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn III. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn IV. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn VII. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1903-1907.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn IX. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn XI. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1915-1925.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn XII. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1923-1932.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn XIV. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1944-1949.

DI: Íslenzkt fornbréfasafn XV. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1947-1950.

Flateyjarbók IV bls. 162-167. Prentverk Akraness 1945.

Gísli H. Kolbeins 1999. Melstaðakirkja. Afmælisrit sóknarnefndar Melstaðkirkju 1999.

JÁM VIII – *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. 8. Bindi. Hið íslenska fræðarafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1926.

Johnsen – Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Aðrar heimildir:

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrár Árnastofun, nafnfræðisvið. ÖRNEFNASTOFNUN Vestur Húnavatnssýsla:

Melstaður	Vestur-Húnavatnssýsla Melstaður 1 Ytri Torfustaðahreppur (Húnaþing vestra).
Barð	Vestur-Húnavatnssýsla Steinsstaðir (Barð) 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).
Svertingsstaðir	Vestur-Húnavatnssýsla Svertingsstaðir 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).
Sandar	Vestur-Húnavatnssýsla Sandar 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið J.H. (Húnaþing vestra).
Tjarnarkot	Vestur-Húnavatnssýsla Tjarnarkot (Tjörn) 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).
Sveðjustaðir	Vestur-Húnavatnssýsla Svertingsstaðir 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).
Reynhólar	Vestur-Húnavatnssýsla Reynhólar 1 Ytri Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).
Eyjanes	Vestur-Húnavatnssýsla Eyjanes 1 Staðahreppur (Húnaþing vestra)
Reykir	Vestur-Húnavatnssýsla Reykir 1 Ytri-Torfustaðahreppur Samlesið S.J. (Húnaþing vestra).

Heimasíður:

Fasteignamat ríkisins: www.skra.is

Minjastofnun Íslands: www.minjastofnun.is

Heimildarmenn:

Séra Guðni Þór Ólafsson Melstað 531 Hvammstanga (dreifbýli).

Ingi Hjörtur Bjarnason bóndi Neðri-Svertingsstöðum

531 Hvammtanga (dreifbýli).

Jóhannesar Ingvars Björnssonar bóndi Reynhólum (0101-1930).

Kortagerð:

Rarik.

Myndir á forsíðu.

Efri mynd til vinstri:

Horft til austurs að Melstaðarkirkju og kirkjugarði.

Efri mynd til hægri:

Melstaðarkirkjugarður horft til norðurs, þar sem áætlað er að torfkirkjan hafi staðið.


Neðri mynd:

Túngarður Reynhólum, horft til austurs.


KORT




Blað 1 Yfirlitsmynd.




Blað 1 Yfirlitsmynd




Blað 2 Reykjaskóli Eyjanes




Blað 2A Reykir Sæberg




Blað 3 Tannstaðarbakki




Blað 4




Blað 5 Tjarnarkot




Blað 5A Tjarnarkot




Blad 6




Blað 7 Neðri Svertingsstaðir




Blað 7A Neðri Svertingsstaðir




Blað 8 Laugarbakki Barð



Blað 8A Barð




Blað 9 Sveðjustaðir Brúarholt




Blað 9A Sveðjustaðir




Blað 9B Brúarholt



Blað 10 Reynhólar




Blað 10A Reynhólar




Blað 11 Efri Svertingsstaðir


..




Blað 11A Efri Svertingsstaðir




Blađ 12 Sandar




Blađđ 12 A Sandar



Blað 13 Melstaður og Melstaðarkirkja



Blað 13A Melstaður og Melstaðarkirkja



Melstaður

FYLGISKJAL VERKLÝSING RARIK:

Verklýsing Strenglagning Hnútafjarðarlína (Reykjaskóli - Laugabakki)

Leggja u.þ.b. 24km háspennustreng ásamt u.þ.b 1,5km lágspennustreng frá Reykjaskóla að Laugabakka í Húnaþingi vestra.

Háspennustrengir:

Leggja jarðstreng 24kV 95mm² frá Reykjaskóla að Laugabakka, u.þ.b 14 km skv. meðfylgjandi teikningum. Álmur að Reynihólum, Söndum, Barði og Melstað, samtals u.þ.b 10km er 24KV 25mm². 95mm² háspennustrengir koma á K24 keflum í 500m lengdum, þyngd keflis með streng er 1.690kg 25mm² háspennustrengir koma á K24 keflum í 1.000m lengdum, þyngd keflis með streng er 1.870kg

Lagning háspennustrengja:

95mm²

Línuendi – Reykjaskóli	ca. 470m	þar af um 200m samhliða streng frá Reykjaskóla
Reykjaskóli - Eyjanes.	ca. 1.700m	
Eyjanes - Tjarnarkot	ca. 4.600m	
Tjarnarkot – Neðri Svertingsst.	ca. 4.000m	
Neðri Svertingsst. Skápur v. Barð	ca. 1.930m	
Skápur v. Barð - Laugabakki	ca. 1.360m	Pverun Miðfjarðarár/Pverun vegar innan Laugarbakka

25mm²

Tjarnarkot- Sveðjustaðir	ca. 1.300m
Sveðjustaðir - Brúarholt:	ca. 1.160m
Brúarholt – Reynihólar:	ca. 1.600m
Neðri Svertingsst. - Efri Svert.	ca. 1.300m
Efri Svertingsstaðir – Sandar	ca. 2.550m
Skápur v. Barð – Barð	ca. 900m
Skápur v. Barð – Melstaður	ca. 1.200m

Árþveranir (eining 460)

Miðfjarðará við Laugabakka
Svertingsstaðaá við Neðri Svertingsstaði.

Vegþveranir (múlanir, eining 470):

Heggstaðanesvegur (702) við Þjóðveg 1 að vestan
Þjóðvegur 1 við Tjarnarkot (1)

Hálsabæjarvegur

Heggstaðanesvegur (702) við Þjóðveg 1 að vestan
Þjóðvegur 1 við um 1600m frá Laugabakka (1)

Auk þess þveranir heimreiða sem falla undir einingu 475

Jarðspennistöðvar (eining 732) og heimtaugar:

Undirstöður fyrir litla dreifistöð fyrir **Reykjaskóla**

Stofnstrengur fyrir:

Reykjaskóla og fl.: 80m

Undirstöður fyrir litla dreifistöð fyrir **Eyjanes** ásamt tengingum við núverandi heimtaug ²

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Tjarnarkot**

Heimtaug fyrir:

Tjarnarkot: 230m

² Með „tengingum við núverandi heimtaugar“ er átt við smávægilegan gröft á hverjum stað þar sem jarðspennistöð verður staðsett við núverandi staurspennistöð eða rétt við heimtaug.

Dælustöð Tjarnarkot 330m að mestu leiti samliða háspennustreng

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Neðri Svertinsstaði**

Heimtaug fyrir

N. Svertingst, 70m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Sveðjustaði**

Heimtaug fyrir

Sveðjustaði 170m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Brúarholt**

Heimtaug fyrir

Brúarholt 160m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Reynihóla**

Heimtaug fyrir

Reynihóla 200m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Efri Svertingsstaði**

Heimtaug fyrir

Efri Svertingsst 80m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Sanda**

Heimtaug fyrir

Sanda 50m

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Barð** ásamt tengingum við núverandi heimtaug ³

Undirstöður fyrir jarðspennistöð fyrir **Melstað**

Heimtaug fyrir

Melstaðaaðrkirkja. 260m

Melstað 180m samhliða heimtaug í kirkju.

³ Með „tengingum við núverandi heimtaugar“ er átt við smávægilegan gröft á hverjum stað þar sem jarðspennistöð verður staðsett við núverandi staurspennistöð eða rétt við heimtaug.